

ARÐSKRÁ

171

13. des.

fyrir Veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði.

Arður og gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða sem hér segir:

Hauksstaðir	33.33 einingar.
Rjúpnafell	1.46
Fremri-Hlíð	7.27
Ytri-Hlíð	7.27
Vakursstaðir I	6.06
Vakursstaðir II	3.64
Ljósstaðir	13.09
Torfastaðir	5.45
Skógar	9.70
Norður-Skálanes	1.82
Bústaðir	10.91

Samtals 100 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

172

18. des.

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu,
nr. 66 29. marz 1950.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

Í Hörgslandshreppi:

1. Seljalandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Hverfisfljóts að túngirðingunni á Dalshöfða.
2. Brunasandsvegur: Af Suðurlandsveginum austan Fossála suður á Brunasand, austur með byggðinni og á þjóðveginn hjá Teygingalæk.
3. Hörgsdalsvegur: Frá Hörgsárbrú að Hörgsdal.

Í Kirkjubæjarhreppi:

4. Heiðarselsvegur: Af Holtsvegi vestan við Heiði að Heiðarseli.
5. Holtsvegur: Frá Holti vestur Síðuheiðar að Búlandi í Skaftártungu.
6. Skálarvegur: Af Suðurlandsvegi í Eldhrauni að Skál

172 *Í Leiðvallarhreppi:*

18. des. 7. Suður-Meðallandsvegur: Af Meðallandsvegi á Efri-Eyjaregg, um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágú-Kotey, norðan við Nýjabæ, um Rofabæ og Strönd á Meðallandsveg norðan Strandar.
8. Botnavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ásakvisla að Botnum.

Í Skaftártunguhreppi:

9. Svinadalsvegur: Frá Stóruhvammsbrú að Svinadal.
10. Ljótarsaðavegur: Af Búlandsvegi um Gröf, Borgarfell, Snæbýli að Ljótarstöðum.

Í Álftavershreppi:

11. Mýravegur: Af Álftaversvegi hjá Mýrahjáleigu að Mýrum.

Í Hvammshreppi:

12. Víkurvegur: Gegnum kaптúnið í Vík og heim að sýslumannsbústaðnum.
13. Þórisholtsvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt, nærri Reynisholti og Reynishólum á Reynishverfisveg hjá Reyniskirkju.
14. Dalabæjarvegur: Frá Stóradal um Fjós, suður með Brandslæk vestanverðum að Dyrhólum.
15. Skagnesvegur: Af Dalabæjarvegi um Skagnes á Suðurlandsveg austan við Skagnes.

Í Dyrhólahreppi:

16. Hvolsvegur: Af Þjóðveginum sunnan Skeiðflatar um Hryggi að Hvoli.
17. Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar um Pétursey, Nikhól og Eyjarhóla á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.
18. Fellsvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Pétursey, um Fell að Álftagróf.
19. Sólheimavegur: Af Suðurlandsvegi á Sólheimasandi yfir Húsá nálægt Sólheimakoti.

Sýsluvegur nær aldrei nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarðar eða býlis.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður samþykkt nr. 9 12. jan. 1954 og samþykkt nr. 129 12. sept. 1956.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.